



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Alþingi
Erindi nr. P / 138/274
komudagur 25.11.2009

Reykjavík 24. nóvember 2009.

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Tilvísun yðar: Þskj. 84 – 83. mál 138. löggjafarþing

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð sakamála, nr. 88 12. júní 2008 með síðari breytingum.

Almennt:

Landssamband lögreglumanna (LL) gerir ekki efnislegar athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Rétt er þó að leggja á það áherslu að í þeim skipulagsbreytingum, sem að er stefnt, með frekari fækkun og stækkun lögregluumdæma, sbr. einnig 100. mál, frumvarp til laga um dómstóla (sameining héraðsdómsstóla) að rétt hefði verið, að mati LL, að skoða þessi mál öll (þ.e. dómstóla, ákærvald og löggæslu) heildstætt.

Sennilegast er að færa mætti fyrir því rök að stofnun embættis héraðssaksóknara (þ.m.t. flutningur ákærvalds alfarið frá lögreglustjórum), eða efling embættis Ríkissaksóknara, í ljósi þess sem frá er greint hér að ofan um skipulagsbreytingar í lögreglu, gæti falið í sér, heildstætt, ákveðna hagræðingu og sparnað í rekstrarkostnaði dómsmálaráðuneytisins.

F.h. Landssambands lögreglumanna

Snorri Magnússon

Formaður